

að bregða útaf þessari reglu, þegar sèrstaklega stendur á, verður
að bera málið upp sèr í lagi fyrir stjórnarráðinu.

1871.
6. nóvbr.

**99. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-
valdanna á Íslandi, um inntöku í hinn lærða skóla
í Reykjavík.**

6. nóvbr.

Í bréfi 9. f. m., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, skýrt frá, að skólameistarinn við hinn lærða skóla í Reykjavík hafi álitid, að pilturinn Jón Finsen, sem ekki er fullra 12 ára, sè hæfur til þess að setjast í neðsta bekk skólans, og lagt til, að stjórnarráðið leyfi, að þannig sè brugðið útaf því, sem fyrir er mælt í 3. grein skólareglugjörðarinnar.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið samþykkir, að tæðum læri-
sveini sè veittur skóli.

**100. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um hluttekning Íslands í gripasýningunni
í Kaupmannahöfn 1872.¹**

6. nóvbr.

Í bréfi 11. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá þeim ráðstöfunum, sem þèr hafið gjört útaf hluttekning Íslands í

¹) Sama dag skrifaði dómsmálastjórnin forstöðunefndinni fyrir gripa-
sýningunni í Kaupmannahöfn 1872 á þessa leið:

Eptir að dómsmálastjórnin samkvæmt bréfi forstöðunefndar-
innar 8. ágúst þ. á., hafði lagt stiptamtmanninum yfir Íslandi
og amtmanninum á Færeyjum fyrir, að þeir annaðhvort sjálfir
eða með hjálp nefnda takist á hendur, að standa fyrir þeim ráð-
stöfunum, sem með þarf til þess að Ísland og Færeyjar geti tekið